

Ed.

621. Breytingartillögur

[158. mál]

við frv. til laga um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Frá menntamálanefnd.

1. 2. gr. hljóði svo:

Skoðunarmenn kvikmynda, sbr. VI. kafla laga nr. 53/1966, leggja mat á sýningarhæfni kvikmynda. Skulu innflytjendur, framleiðendur eða dreifingaraðilar og sýnendur kvikmynda kveðja skoðunarmenn til þess að skoða kvikmyndir áður en þær eru teknar til sýningar og greiða kostnað við skoðun þeirra, skv. reglum sem ráðherra setur.

2. Ný grein sem verði 3. gr.

Barnaverndarnefndir og löggæslumenn skulu hafa eftirlit með því, að aðeins séu sýndar kvikmyndir, sem kvikmyndaeftirlit hefur leyft, eða slíkt efni selt eða leigt á myndböndum eða myndplötum.